

AUGLÝSING

um 1. áfanga deiliskipulags iðnaðarsvæðis á Bakka, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 21. janúar 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi 1. áfanga iðnaðarsvæðis á Bakka. Deiliskipulagið nær til 77 ha svæðis sunnanvert á iðnaðarsvæði. Afmörkuð er 23,6 ha lóð undir kísilmálmvinnslu sunnan Bakkaár. Norðan Bakkaár eru skipulagðar sjö iðnaðar- og þjónustulóðir 0,5-5,5 ha að flatarmáli. Austan þjóðvegur er gert ráð fyrir lóð undir spennivirki raforku og stíflu í farvegi Bakkaár. Skipulagið er sett fram sem uppdráttur í blaðstærð A1 auk greinargerðar með umhverfisskýrslu.

Samhliða kynningu deiliskipulagsins var kynnt breyting aðalskipulags á svæðinu. Breyting aðalskipulagsins felst í breyttum staðsetningum raflína og spennivirkis. Skipulagsstofnun hefur nú staðfest aðalskipulagsbreytinguna.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Húsavík, 14. febrúar 2014.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2014